

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

840. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 11. ágúst 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Stefán Böðvarsson, Elín Jóna Rósinberg, Elín R. Líndal

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir.

Dagskrá:

1. Rætur bs. aðalfundarboð
2. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi
3. Húnasjóður
4. Fjárhagsbókhald 2. ársfjórðungur..

Afgreiðslur:

1. **Lagt fram aðalfundarboð Róta bs.** Sem haldinn verður þriðjudaginn 30. september nk. kl 13:00 í Menningarhúsinu á Dalvík. Samþykkt að Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Elín Jóna Rósinberg, Elín R. Líndal og Ingimar Sigurðsson verði fulltrúar Húnaþings vestra á fundinum og Stefán Böðvarsson, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, Valdimar Gunnlaugsson og Sigríður Elva Ársælsdóttir til vara.
2. **Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi** dags 28. júlí sl., þar sem óskað er umsagnar vegna beiðni um leyfi skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Aðalheiður Dóra Sigurðardóttir kt. 040164-4649 sækir um leyfi f.h. Hótel Hvammstanga til að reka gististað í flokki V að Norðurbraut 1 á Hvammstanga. Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
3. **Lagðar fram umsóknir um styrki úr Húnasjóði 2014.** Tólf umsóknir bárust. Byggðarráð samþykkir að veita eftirtöldum umsækjendum styrk úr Húnasjóði árið 2014:
Andri Páll Guðmundsson, nemi til BA prófs í ensku.
Anna María Elíasdóttir, nemi til BS prófs í viðskiptafræði
Benjamín Freyr Oddsson, nemi til BS prófs í íþrótt- og heilsufræði
Fannar Karl Ómarsson, nemi í vélfræði og vélstjórn
Gísli Már Arnarson, nemi í rafiðnfræði
Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir, nemi til BA prófs í ferðamálafræði
Jóhannes Gunnar Þorsteinsson, nemi í hljóð- og tölvuleikjahönnun

Oddur Sigurðarson, nemi í verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun.

Styrkfjárhæð á hvern styrkþega er kr. 100.000

4. **Fjárhagsbókhald 2. ársfjórðungur.** Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs lagði fram yfirlit yfir stöðu fjárhagsbókhalds eftir fyrstu 6 mánuði ársins og samanburð við fjárhagsáætlun ársins 2014 með viðaukum. Yfirlitið var lagt fyrir framkvæmdaráð þann 11. ágúst. Rekstur er almennt í samræmi við áætlun ársins.
5. **Skólaakstur.** Byggðarráð samþykkir að settur verði á akstur á miðvikudögum svo nemendur sem ekki eru í kennslu til 16:30 komist heim strax að loknum skóladegi. Og samið verði við skólabílstjóra að skrá niður barnafjölda í hverri ferð. Allir bílar aki heim strax að loknum skóla, nema allir foreldrar á viðkomandi leið skil undirritaðri beiðni til skólastjóra um aðra tímasetningu á brottför. Þetta fyrirkomulag verður tekið til skoðunar um áramót. Þar með fellur niður gjaldfrjáls síðdegisgæsla barna úr dreifbýli þá daga sem ekki var boðið upp á heimakstur strax að loknum skóladegi. Byggðarráð samþykkir að taka athugasemdir Arnars E. Gunnarssonar sem frestað var á síðasta fundi til skoðunar við gerð útboðsgagna vorið 2015.

Samþykkt að taka á dagskrá:

6. **Fundargerð 149. fundar félagsmálaráðs** frá 30.júlí 2014 Fundargerð í 2 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.
7. **Fundargerð 152. fundar fræðsluráðs** frá 7. ágúst 2014 Fundargerð í 1 lið. Byggðarráð tekur undir ábendingar fræðsluráðs við drög að reglum um skólaakstur og vísar þeim til skólastjóra og sviðsstjóra-fjölskyldusviðs. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl:15:49

Stefán E. Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Elín Jóna Rósinberg.

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir